

Íbúaráð Breiðholts 2. október 2024: Ályktunartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts um lagningu gervigrass á knattspyrnuvöll ÍR MSS24090062

Lagt er til að Íbúaráð Breiðholts óski eftir því við borgarráðs að ráðist verði í lagningu gervigrasvallar á svæði Íþróttafélags Reykjavíkur við Skógarsel í tengslum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025. Séð verði til þess að völlurinn standist kröfur Knattspyrnusambands Íslands um keppnisvelli svo tryggt verði að ÍR geti leikið heimaleiki sína á eigin félagssvæði.

Greinargerð:

Núverandi keppnisvöllur ÍR í Skógarseli stenst ekki kröfur sem Knattspyrnusamband Íslands gerir til leikjaumgjarðar í Lengjudeildinni. Þá er brýn þörf er fyrir slíkan völl vegna mikils og vaxandi fjölda knattspyrnuíðkenda hjá ÍR, sem rekur nú eina fjölmennustu knattspyrnudeild landsins. Tillaga um lagningu nýs vallar í Skógarseli var felld á fundi menningar- íþróttá- og tómstundaráðs þann 8. desember 2023. Íbúaráð Breiðholts hvetur borgarráð til að taka málið til alvarlegrar skoðunar og í framhaldi hefja undirbúning að umræddri vallarlagningu og koma henni til framkvæmdar sem fyrst.